

Lögmenn Eiðistorgi
Einar Gautur Steingrímsson, hrl.
Eiðistorgi 13, 2. hæð
172 SELTJARNARNES

6. febrúar 2004

FEL04010061/1001

Hinn 6. febrúar 2004 er kveðinn upp í félagsmálaráðuneytinu svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

Með erindi, dags. 23. janúar sl., kærði Einar Gautur Steingrímsson hrl. til ráðuneytisins, f.h. Videocom ehf., þá ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps að gera samning við eMax ehf. um háhraðatengingu í hreppnum. Í erindinu kemur fram að kærandi telur hina kærðu ákvörðun fara í bága við ákvæði 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Jafnframt kemur þar fram að kærandi hefur sent erindi til Samkeppnisstofnunar vegna sama máls þar sem hann krefst þess, með vísan til b-liðar 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, með síðari breytingum, að samkeppnisráð banni framkvæmd samnings Grímsnes- og Grafningshrepps við eMax ehf. Einnig krefst kærandi þess, með vísan til 57. gr. samkeppnislaga, að samkeppnisráð sekti aðila samningsins.

Niðurstaða

Í erindi kæranda er um kærueimild vísað til 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ráðuneytið telur hins vegar ljóst að um kærueimild í máli þessu fari skv. 103. gr. sveitarstjórnarlaga, þar sem segir að ráðuneytið skuli úrskurða um ýmis vafaatriði sem upp kunna að koma við framkvæmd sveitarstjórnarmálefna. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Í 1.-3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga segir eftirfarandi:

"Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum.

Sveitarfélög skulu vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum."

Í erindi kæranda til ráðuneytisins er á því byggt að það sé grundvallarregla stjórnsýsluréttarins að sveitarfélög megi aðeins takast á við þau mál sem þeim eru beinlínis falin að lögum. Sérstaklega vísar kærandi um þetta atriði til 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga. Einnig byggir kærandi á því að stjórnvöld verði að fara að lögum í starfsemi sinni, en um rökstuðning fyrir því að hin kærða ákvörðun feli í sér lögbrot vísar hann til kæru sinnar til Samkeppnisstofnunar, dags. 23. janúar 2004.

Að mati ráðuneytisins verða heimildir sveitarstjórna skv. 7. gr. sveitarstjórnarlaga ekki túlkaðar jafn þröngt og byggt er á í erindi kæranda. Þvert á móti kemur fram í þeirri lagagrein sem kærandi byggir á í erindi sínu til ráðuneytisins, að sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, sem ekki eru falin öðrum að lögum. Alþekkt er að sveitarfélög annast fjölmörg verkefni sem ekki er kveðið á um í lögum, eftir því sem fjárhagslegt bolmagn og aðstæður þeirra leyfa. Að mati ráðuneytisins geta framfarir í upplýsingatekni talist vera sameiginlegt velferðarmál íbúanna, sbr. 2. gr. 7. gr. Þá skal bent á að kærandi hefur hvorki haldið því fram í málinu að sú þjónusta sem hin kærða ákvörðun varðar hafi verið falin tilteknum aðila að lögum né fært rök fyrir því af hvaða ástæðum hin kærða ákvörðun feli í sér brot gegn 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ljóst er að það er Samkeppnisstofnun en ekki félagsmálaráðuneytið sem er réttur úrskurðaraðili lögum samkvæmt um þann þátt málsins er varðar meint brot gegn samkeppnislögum. Ágreiningur um túlkun þeirra laga verður því ekki borinn undir ráðuneytið á grundvelli 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

Með vísan til alls sem að framan er rakið verður að hafna kröfu kæranda um ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar.

ÚRSKURÐARORÐ

Hafnað er kröfu kæranda, Videocom ehf., um að ráðuneytið ógildi ákvörðun Grímsnes- og Grafningshrepps frá 15. október 2003, að heimila sveitarstjóra að undirrita samning við eMax ehf. um háhraðanet í sveitarfélaginu.

F. h. r.

Guðjón Bragason (sign.)

Lárus Bollason (sign.)

Afrit:

Grímsnes- og Grafningshreppur
Samkeppnisstofnun